

REGLUR um gjaldeyrismál.

I. KAFLI

Fjármagnshreyfingar á milli landa í innlendum gjaldeyri.

1. gr.

Almennt.

Fjármagnshreyfingar á milli landa merkja yfirfærslu eða flutning á fjármunum á milli landa og flutning á fjármunum á milli innlendra og erlendra aðila, sbr. 1. gr. laga nr. 87/1992. Af 1. málsl. leiðir að flutningur á fjármunum á milli innlendra og erlendra aðila óháð því hvort slík yfirfærsla eða flutningur á sér stað með úttekt af reikningum hjá fjármálafyrirtækjum hér á landi yfir á reikninga hjá fjármálafyrirtækjum erlendis, eða öfugt, með millifærslu á milli tveggja reikninga hjá fjármálafyrirtækjum hér á landi og/eða með millifærslu á milli tveggja reikninga hjá fjármálafyrirtækjum erlendis, felur ávallt í sér fjármagnshreyfingu á milli landa. Þá felur yfirfærsla og flutningur á fjármunum til og frá landinu, þar sem fjármunir eru færðir af reikningum hjá fjármálafyrirtækjum hér á landi yfir á reikninga hjá fjármálafyrirtækjum erlendis, eða öfugt, ávallt í sér fjármagnshreyfingu á milli landa og gildir þá einu hvort verið sé að færa fjármuni á milli reikninga í eigu sama aðila eða ekki.

2. gr.

Fjárfestingar í fjármálagerningum útgefnum í innlendum gjaldeyri með úttekt af reikningi hjá innlendu fjármálafyrirtæki.

Fjármagnshreyfingar á milli landa vegna viðskipta með fjármálagerninga útgefna í innlendum gjaldeyri sem tilgreindir eru á undanþágulista Seðlabanka Íslands, þar sem greiðsla fer fram með innlendum gjaldeyri af reikningi í eigu kaupanda hjá fjármálafyrirtæki hér á landi, skulu undanþegnar banni 3. mgr. 13. gr. b laga nr. 87/1992. Undanþágulisti samkvæmt 1. málsl. er birtur á vefsíðu Seðlabanka Íslands.

Fjármagnshreyfingar á milli landa vegna sölu erlends aðila á fjármálagerningi útgefnum í innlendum gjaldeyri, sem ekki er tilgreindur á undanþágulista skv. 1. mgr. en fjárfest var í á grundvelli undanþágu sama efnis skv. lögum nr. 87/1992 og/eða reglum settum á grundvelli þeirra fyrir 7. mars 2015, skulu undanþegnar banni 3. mgr. 13. gr. b laga nr. 87/1992, enda hafi greiðsla kaupverðs farið fram með úttekt af reikningi hjá fjármálafyrirtæki hér á landi. Greiðsla vegna sölu skv. 1. málsl. skal fara fram með innlendum gjaldeyri af reikningi í eigu kaupanda hjá fjármálafyrirtæki hér á landi.

Reikningar erlendra fjármálafyrirtækja í innlendum gjaldeyri (Vostro-reikningar) teljast ekki til reikninga hjá fjármálafyrirtæki hér á landi, sbr. 5. mgr. 13. gr. b laga nr. 87/1992.

Fjármunir sem losna við sölu á fjármálagerningum samkvæmt 1. mgr. og 2. mgr. skulu greiddir aftur inn á reikning í eigu seljanda í innlendum gjaldeyri hjá fjármálafyrirtæki hér á landi.

3. gr.

Fjárfestingar í fjármálagerningum útgefnum í innlendum gjaldeyri með úttekt af reikningi í eigu erlends fjármálafyrirtækis (Vostro-reikningur).

Fjármagnshreyfingar á milli landa vegna viðskipta með fjármálagerninga útgefna í innlendum gjaldeyri sem tilgreindir eru á undanþágulista Seðlabanka Íslands, þar sem greiðsla fer fram með innlendum gjaldeyri af reikningi í eigu erlends fjármálafyrirtækis (Vostro-reikningi), skulu undanþegnar banni 3. mgr. 13. gr. b laga nr. 87/1992. Undanþágulisti samkvæmt 1. málsl. er birtur á vefsíðu Seðlabanka Íslands.

Fjármagnshreyfingar á milli landa vegna sölu á fjármálagerningi útgefnum í innlendum gjaldeyri, sem ekki er tilgreindur á undanþágulista skv. 1. mgr. en fjárfest var í á grundvelli undanþágu sama efnis skv. lögum nr. 87/1992 og/eða reglum settum á grundvelli þeirra fyrir 7. mars 2015, skulu undanþegnar banni 3. mgr. 13. gr. b laga nr. 87/1992, enda hafi greiðsla kaupverðs farið fram með úttekt af reikningi í eigu erlends fjármálafyrirtækis (Vostro-reikningi).

Söluandvirði eða aðrar greiðslur vegna fjármálagerninga samkvæmt 1. mgr. skulu greiddar inn á reikning sem er háður sérstökum takmörkunum samkvæmt lögum nr. 37/2016, um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum.

4. gr.

Fjármagnshreyfingar vegna greiðslu iðgjalds samkvæmt samningum um viðbótartryggingavernd til öflunar lífeyrissparnaðar í séreign.

Með viðbótartryggingavernd í skilningi ákvæðisins er átt við tryggingavernd, sem er umfram þá lágmarkstryggingavernd sem lífeyrissjóður skilgreinir og greitt er fyrir með framlögum samkvæmt sérstökum samningi um lífeyrissparnað í séreign við þá aðila sem tilgreindir eru í 1.-3. tölul. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Fjármagnshreyfingar á milli landa vegna greiðslu iðgjalds sem ráðstafað er til öflunar lífeyrissparnaðar eða lífeyrisréttinda í séreign á grundvelli samnings í innlendum gjaldeyri um viðbótartryggingavernd, sbr. II. kafla laga nr. 129/1997, þar sem greiðsla fer fram með innlendum gjaldeyri af reikningi í eigu launagreiðanda, af reikningi í eigu launþega eða af reikningi í eigu lögaðila sem er innlendir aðili og sér um innheimtu þess iðgjalds, hjá fjármálafyrirtæki hér á landi, yfir á reikning hjá fjármálafyrirtæki hér á landi í eigu vörsluaðila lífeyrisréttinda sem er erlendir aðili sem heimilt er að stunda starfsemi hér á landi samkvæmt II. kafla laga nr. 129/1997, skulu undanþegnar banni 3. mgr. 13. gr. b laga nr. 87/1992.

Vörsluaðila lífeyrisréttinda, sbr. 2. mgr., er heimilt að kaupa erlendan gjaldeyri hjá fjármálafyrirtæki hér á landi og flytja þann erlenda gjaldeyri á milli landa vegna þjónustugjalda sem falla til af iðgjaldagreiðslum skv. 2. mgr. að fenginni staðfestingu Seðlabanka Íslands.

Beiðni um staðfestingu Seðlabanka Íslands á gjaldeyrisviðskiptum og fjármagnshreyfingu á milli landa í erlendum gjaldeyri skv. 3. mgr. skal send af hálfu þess fjármálafyrirtækis sem hefur milligöngu um gjaldeyrisviðskiptin og fjármagnshreyfinguna. Beiðni um staðfestingu Seðlabankans skv. 3. mgr. skulu fylgja gögn sem sýna fram á hversu stór hluti iðgjaldagreiðslna er vegna myndunar á höfuðstól, vegna greiðslu þóknunar og vegna greiðslu váttryggingarhluta. Sýna skal fram á framangreint með framlagningu gagna, m.a. með samningum og útreikningum á þjónustugjöldum, auk annarra gagna sem Seðlabankinn kann að kalla eftir og eru nauðsynleg til að sýna fram á að um þjónustugjöld sé að ræða. Beiðni um staðfestingu skv. 3. mgr. og gögn skulu berast rafrænt til gjaldeyriseftirlits Seðlabanka Íslands á netfangið ge.gagnaskil@sedlabanki.is.

Vörsluaðila lífeyrisréttinda, sbr. 2. mgr., er heimilt að eiga viðskipti með fjármálagerninga útgefna í innlendum gjaldeyri af innlendum aðilum og fasteignir hér á landi fyrir þann innlenda gjaldeyri sem hann móttækur hér á landi vegna greiðslu iðgjalds samkvæmt 2. mgr.

Vörsluaðili lífeyrisréttinda, sbr. 2. mgr., skal annan föstudag hvers mánaðar senda neðangreindar upplýsingar til Seðlabanka Íslands á netfangið ge.gagnaskil@sedlabanki.is skv. a–d-lið.

- a. Yfirlit yfir alla samninga sem gerðir hafa verið við einstaklinga um viðbótartryggingavernd sundurliðað eftir:
 - i. Virkir samningar sem gerðir voru fyrir 28. nóvember 2008.
 - ii. Óvirkir samningar sem gerðir voru fyrir 28. nóvember 2008.
 - iii. Virkir samningar sem gerðir hafa verið eftir 28. nóvember 2008.
 - iv. Óvirkir samningar sem gerðir hafa verið eftir 28. nóvember 2008.
- b. Yfirlit yfir alla samninga um viðbótartryggingavernd þar sem útborgun hefur hafist.
- c. Í sundurliðun skv. a-lið skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram og afhentar á MS-Excel formi:
 - i. Nafn greiðanda.
 - ii. Kennitala greiðanda.
 - iii. Fyrsti greiðsludagur.
 - iv. Síðasti greiðsludagur.
 - v. Höfuðstóll.
 - vi. Fjárhæð síðustu greiðslu.
 - vii. Tegund samnings.

- d. Í sundurliðun skv. b-lið skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram og afhentar á MS-Excel formi:
- i. Nafn mótaðila.
 - ii. Kennitala mótaðila.
 - iii. Höfuðstóll fyrir greiðslu.
 - iv. Fjárhæð greiðslu.
 - v. Höfuðstóll eftir greiðslu.
 - vi. Tegund samnings.

Með virkum samningi skv. a-lið 6. mgr. er átt við samning þar sem greiðsla iðgjalds hefur farið fram innan 60 daga fyrir dagsetningu yfirlits. Með óvirkum samningi skv. a-lið 6. mgr. er átt við alla aðra samninga en virka samninga.

Fjármunir sem losna við útborgun á grundvelli samnings skv. 2. mgr. við upphaf lífeyristöku réttthafa samningsins, samkvæmt lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, og fjármunir sem losna við útborgun samkvæmt bráðabirgðaákvæði VIII laga nr. 129/1997, skulu undanþegnir banni 3. mgr. 13. gr. b laga nr. 87/1992 og skulu þeir greiddir í innlendum gjaldeyri á reikning í eigu réttthafa hjá fjármálafyrirtæki hér á landi.

5. gr.

Fjármagnshreyfingar vegna greiðslu iðgjalds samkvæmt samningum um söfnunartryggingar, eingreiðslulíftryggingar og reglubundinn sparnað.

Fjármagnshreyfingar á milli landa vegna greiðslu iðgjalds sem varið er í sparnað eða til söfnunar í heild eða að hluta á grundvelli samnings í innlendum gjaldeyri, t.a.m. samninga um söfnunartryggingar, eingreiðslulíftryggingar eða reglubundinn sparnað, við váttryggingafélag sem er erlendur aðili, þar sem greiðsla fer fram með innlendum gjaldeyri af reikningi í eigu réttthafa hjá fjármálafyrirtæki hér á landi yfir á reikning í eigu váttryggingafélagsins hjá fjármálafyrirtæki hér á landi, skulu undanþegnar banni 3. mgr. 13. gr. b laga nr. 87/1992.

Myntbreyting samninga skv. 1. mgr., sem gerðir hafa verið í erlendum gjaldeyri við erlent váttryggingafélag fyrir gildistöku reglna þessara, í innlendum gjaldeyri skal undanþegin banni 13. gr. c laga nr. 87/1992.

Váttryggingafélagi, sbr. 1. mgr., er heimilt að kaupa erlendan gjaldeyri hjá fjármálafyrirtæki hér á landi og flytja þann erlenda gjaldeyri á milli landa vegna þjónustugjalda sem falla til af iðgjaldagreiðslum skv. 1. mgr. að fenginni staðfestingu Seðlabanka Íslands.

Beiðni um staðfestingu Seðlabanka Íslands á gjaldeyrisviðskiptum og fjármagnshreyfingu á milli landa í erlendum gjaldeyri skv. 3. mgr. skal send af hálfu þess fjármálafyrirtækis sem hefur milligöngu um gjaldeyrisviðskiptin og fjármagnshreyfinguna. Beiðni um staðfestingu Seðlabankans skv. 3. mgr. skulu fylgja gögn sem sýna fram á hversu stór hluti iðgjaldagreiðslna er vegna myndunar á höfuðstól, vegna greiðslu þóknunar og vegna greiðslu váttryggingarhluta (e. non-life). Sýna skal fram á framangreint með framlagningu gagna, m.a. með samningum og útreikningum á þjónustugjöldum, auk annarra gagna sem Seðlabankinn kann að kalla eftir og eru nauðsynleg til að sýna fram á að um þjónustugjöld sé að ræða. Beiðni um staðfestingu skv. 3. mgr. og gögn skulu berast rafrænt til gjaldeyriseftirlits Seðlabanka Íslands á netfangið ge.gagnaskil@sedlabanki.is.

Váttryggingafélagi, sbr. 1. mgr., er heimilt að eiga viðskipti með fjármálagerninga útgefna í innlendum gjaldeyri af innlendum aðilum og með fasteignir hér á landi, fyrir þann innlenda gjaldeyri sem félagið móttekur hér á landi vegna greiðslu iðgjalds samkvæmt 1. mgr.

Váttryggingafélag, sbr. 1. mgr., skal annan föstudag hvers mánaðar senda neðangreindar upplýsingar til Seðlabanka Íslands á netfangið ge.gagnaskil@sedlabanki.is, skv. a–d-lið.

- a. Yfirlit yfir alla samninga skv. 1. mgr. sem gerðir hafa verið við innlenda einstaklinga, sundurliðað eftir:
 - i. Virkir samningar sem gerðir voru fyrir 28. nóvember 2008.
 - ii. Óvirkir samningar sem gerðir voru fyrir 28. nóvember 2008.
 - iii. Virkir samningar sem gerðir hafa verið eftir 28. nóvember 2008.
 - iv. Óvirkir samningar sem gerðir hafa verið eftir 28. nóvember 2008.
- b. Yfirlit yfir alla samninga skv. 1. mgr. þar sem útborgun hefur hafist.

- c. Í sundurliðun skv. a-lið skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram og afhentar á MS-Excel formi:
- i. Nafn greiðanda.
 - ii. Kennitala greiðanda.
 - iii. Fyrsti greiðsludagur.
 - iv. Síðasti greiðsludagur.
 - v. Höfuðstóll.
 - vi. Samningsgreiðsla.
 - vii. Tegund samnings.
- d. Í sundurliðun skv. b-lið skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram og afhentar á MS-Excel formi:
- i. Nafn mótaðila.
 - ii. Kennitala mótaðila.
 - iii. Höfuðstóll fyrir greiðslu.
 - iv. Höfuðstóll eftir greiðslu.
 - v. Fjárhæð greiðslu.
 - vi. Tegund samnings.

Með virkum samningi skv. a-lið 6. mgr. er átt við samning þar sem greiðsla iðgjalds hefur farið fram innan 60 daga fyrir dagsetningu yfirlits. Með óvirkum samningi skv. a-lið 6. mgr. er átt við alla aðra samninga en virka.

Fjármunir sem losna við útborgun samkvæmt samningum skv. 1. mgr. eru undanþegnir banni 3. mgr. 13. gr. b laga nr. 87/1992 og skulu þeir greiddir í innlendum gjaldeyri á reikning í eigu rétthafa hjá fjármálafyrirtæki hér á landi.

6. gr.

Sala erlendra aðila á fjármálagerningum útgefnum í innlendum gjaldeyri.

Fjármagnshreyfingar á milli landa vegna viðskipta með fjármálagerninga útgefna í innlendum gjaldeyri, aðra en fjármálagerninga skv. 2. og 3. gr., þar sem seljandi er erlendur aðili og kaupandi er innlendur aðili, eru undanþegnar banni 3. mgr. 13. gr. b laga nr. 87/1992, að undangenginni staðfestingu Seðlabankans.

Fjármálafyrirtæki sem hefur milligöngu um viðskipti eða uppgjör viðskipta skv. 1. mgr. skal óska staðfestingar Seðlabanka Íslands um viðskiptin á netfangið ge.gagnaskil@sedlabanki.is.

Beiðni um staðfestingu skv. 2. mgr. skal innihalda eftirfarandi upplýsingar og gögn:

- a. Dagsetning fyrirhugaðrar sölu.
- b. Nafn/heiti og kennitala seljanda.
- c. Land/heimilisfesti seljanda.
- d. Auðkenni/heiti útgáfu.
- e. ISIN-númer útgáfu (rafrænt skráð verðbréf).
- f. Nafnverðsfjárhæð.
- g. Áætlað söluandvirði.
- h. Heiti og kennitala vörsluaðila bréfa.
- i. Nafn/heiti, kennitala og heimilisfang kaupanda.
- j. Upplýsingar um hvernig greiðsla kaupverðs fjármálagernings fór fram.
- k. Nafn, tölvupóstur og sími tengiliðs hjá fjármálafyrirtæki sem hefur milligöngu um viðskiptin.

Hafi Seðlabankinn veitt staðfestingu fyrir viðskiptum skv. 1. mgr. skal uppgjörskvittun fyrir verðbréfasölu, staðfest af viðkomandi fjármálafyrirtæki, send Seðlabankanum á sama netfang.

Söluandvirði og aðrar greiðslur vegna viðskipta með fjármálagerninga skv. 1. mgr., sem falla undir 1. tölul. 2. gr. laga nr. 37/2016, um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum, skal leggja inn á reikning í eigu seljanda sem háður er sérstökum takmörkunum samkvæmt sömu lögum.

Söluandvirði og aðrar greiðslur vegna viðskipta með fjármálagerninga skv. 1. mgr., annarra en þeirra sem falla undir 5. mgr., skal leggja inn á reikning í eigu seljanda í innlendum gjaldeyri hjá fjármálafyrirtæki hér á landi.

7. gr.

Sala erlendra aðila á fasteignum hér á landi.

Fjármagnshreyfingar á milli landa vegna viðskipta með fasteignir hér á landi, þar sem seljandi er erlendur aðili og kaupandi er innlendur aðili, eru undanþegnar banni 1. og 3. mgr. 13. gr. b laga nr. 87/1992, að uppfylltu því skilyrði að greiðsla kaupverðs í innlendum gjaldeyri hafi farið fram með úttekt af reikningi í eigu kaupanda hjá fjármálafyrirtæki hér á landi.

Söluandvirði vegna viðskipta með fasteignir hér á landi skv. 1. mgr. skal lagt inn á reikning í eigu seljanda í innlendum gjaldeyri hjá fjármálafyrirtæki hér á landi.

II. KAFLI

Gjaldeyrisviðskipti og fjármagnshreyfingar á milli landa í erlendum gjaldeyri.

8. gr.

Framfærsla.

Með framfærslu í skilningi 4. másl. 2. mgr. 13. gr. b og 2. másl. 3. mgr. 13. gr. c laga nr. 87/1992 er átt við nauðsynleg og eðlileg útgjöld einstaklings og fjölskyldu hans, til að mynda kostnað vegna húsnæðis, fæðis, fatnaðar, læknis o.s.frv., sem sýnt er fram á að falla muni til á almanaksári.

Við kaup einstaklings á erlendum gjaldeyri vegna framfærslu á yfirstandandi almanaksári og fjármagnshreyfingar þeim tengdar er fjármálafyrirtæki sem hefur milligöngu um gjaldeyrisviðskiptin og fjármagnshreyfingarnar heimilt að líta til útgjalda einstaklings sem fallið hafa til á síðasta almanaksári.

Heimilt er að kaupa erlendan gjaldeyri og flytja þann erlenda gjaldeyri á milli landa vegna framfærslu skv. 4. másl. 2. mgr. 13. gr. b og 2. másl. 3. mgr. 13. gr. c laga nr. 87/1992 allt að einum mánuði áður en útgjöld falla til.

Útgjöld sem fallið hafa til fyrir meira en sex mánuðum teljast ekki til framfærslu í skilningi 4. másl. 2. mgr. 13. gr. b og 2. másl. 3. mgr. 13. gr. c laga nr. 87/1992.

9. gr.

Aforganir af höfuðstól skuldabréfa útgefnum í erlendum gjaldeyri.

Þrátt fyrir 5. mgr. 13. gr. j laga nr. 87/1992 eru aforganir af höfuðstól skuldabréfa, sem útgefin eru í erlendum gjaldeyri af innlendum aðilum til erlendra aðila, undanþegnar bannákvæðum 2. og 3. mgr. 13. gr. c laga nr. 87/1992 þegar eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

1. Útgáfa skuldabréfs uppfyllir skilyrði 13. gr. e laga nr. 87/1992 og frumútgáfa skuldabréfs hefur uppfyllt 13. gr. g laganna eða sambærileg ákvæði reglna um gjaldeyrisráðgjafi sem í gildi voru frá 28. nóvember 2008 til 30. september 2011 og útgáfa skuldabréfs fór fram fyrir 28. nóvember 2008, eða
2. Seðlabankinn hefur veitt undanþágu fyrir útgáfu skuldabréfsins samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laga nr. 87/1992, sbr. 13. gr. o laganna.

10. gr.

Vextir af peningamarkaðslánum.

Þrátt fyrir 2. mgr. 13. gr. j laga nr. 87/1992 eru fjármagnshreyfingar og gjaldeyrisviðskipti vegna greiðslu vaxta af peningamarkaðslánum í innlendum gjaldeyri, þar sem innlent fjármálafyrirtæki er lántaki og erlent fjármálafyrirtæki lánveitandi, undanþegin lögum nr. 87/1992, sbr. 2. mgr. og 1. tölul. 3. mgr. 13. gr. b og 3. mgr. 13. gr. c laganna.

Peningamarkaðslán skv. 1. mgr. merkir samning um skammtímalánveitingu erlends fjármálafyrirtækis í innlendum gjaldeyri til innlends fjármálafyrirtækis, í tilgangi lausafjárstýringar, sem felur í sér að umsamin fjárhæð er lögð inn á reikning í eigu innlends fjármálafyrirtækis hér á landi á

upphafsgjalddaga og sama fjárhæð er síðan endurgreidd hinu erlenda fjármálafyrirtæki á lokagjalddaga, að viðbættum vöxtum, sem hvoru tveggja er samið um í upphafi.

11. gr.

Tryggingar og viðbótartryggingavernd.

Greiðslur iðgjalda á grundvelli samninga um váttryggingar, sem fela ekki í sér sparnað eða söfnun á höfuðstól, teljast til kaupa á þjónustu skv. 2. mgr. 13. gr. b og 2. mgr. 13. gr. c laga nr. 87/1992. Til váttrygginga skv. 1. másl. teljast tryggingar þar sem réttihafi á aðeins von á tryggingabótum verði hann fyrir tjóni sem tryggingu er ætlað að tryggja fyrir.

Greiðslur iðgjalda á grundvelli samninga um reglubundinn sparnað og söfnunarlíftryggingar teljast ekki til kaupa á þjónustu skv. 2. mgr. 13. gr. b og 2. mgr. 13. gr. c laga nr. 87/1992. Til söfnunarlíftrygginga skv. 1. másl. teljast líftryggingaafurðir þar sem tilgangur framlaga, í formi reglulegra iðgjalda eða í formi eingreiðslu, er söfnun á höfuðstól í heild eða að hluta og slík söfnun er laus til ráðstöfunar sem eingreiðsla eða regluleg greiðsla án þess að atburður eigi sér stað sem tryggingu er ætlað að tryggja fyrir.

Greiðslur iðgjalda á grundvelli öflunar lífeyrissparnaðar eða lífeyrisréttinda í séreign á grundvelli samnings um viðbótartryggingavernd, sbr. II. kafla laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, teljast ekki til kaupa á þjónustu skv. 2. mgr. 13. gr. b og 2. mgr. 13. gr. c laga nr. 87/1992.

Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. mgr. eru gjaldeyrisviðskipti og fjármagnshreyfingar á milli landa vegna þess hluta iðgjalda sem varið er til kaupa á þjónustu heimil að fenginni staðfestingu Seðlabankans.

Gjaldeyrisviðskipti og fjármagnshreyfingar vegna iðgjaldagreiðslna á grundvelli samninga um reglubundinn sparnað í erlendum gjaldeyri, sem gerðir hafa verið fyrir gildistöku reglna þessara, upp að jafnvirði 550 sterlingspunda innlausnarvirðis, skulu vera undanþegin ákvæðum 2. mgr. 13. gr. b og 2. mgr. 13. gr. c laga nr. 87/1992.

Gjaldeyrisviðskipti og fjármagnshreyfingar vegna greiðslu iðgjalda vegna samninga um sjúkdóma- og líftryggingar með söfnun sem gerðir hafa verið fyrir gildistöku reglna þessara skulu vera undanþegin ákvæðum 2. mgr. 13. gr. b og 2. mgr. 13. gr. c laga nr. 87/1992.

Beiðni um staðfestingu Seðlabankans skv. 4. og 6. mgr. skal fylgja afrit af samningum, útreikningar iðgjaldagreiðslna og annað sem staðfestir að greiðslur séu í samræmi við ákvæði 4. og 6. mgr. Beiðni um staðfestingu skv. 4. og 6. mgr., ásamt fylgigögnum, skal berast rafrænt til gjaldeyriseftirlits Seðlabanka Íslands á netfangið ge.gagnaskil@sedlabanki.is.

III. KAFLI

Úttekt á erlendum gjaldeyri.

12. gr.

Úttekt á erlendum gjaldeyri vegna ferðalaga.

Einstaklingur sem er innlendir aðili telst hafa viðskipti sín hjá fjármálafyrirtæki hér á landi í skilningi 2. mgr. 13. gr. d laga nr. 87/1992 ef viðskipti hans og viðkomandi fjármálafyrirtækis uppfylla eitt af eftirfarandi skilyrðum:

1. Einstaklingur á launareikning hjá viðkomandi fjármálafyrirtæki sem greitt hefur verið inn á síðustu 90 daga.
2. Einstaklingur á útgefið greiðslukort (debet eða kredit) hjá viðkomandi fjármálafyrirtæki og færslur eru fleiri en 20 á mánuði.
3. Úttektir í reiðufé af sparnaðarreikningi hjá viðkomandi fjármálafyrirtæki eru að lágmarki að meðaltali fimm í hverjum mánuði sl. sex mánuði.

13. gr.

Gjafir og styrkir.

Fjármálafyrirtæki sem hefur milligöngu um gjaldeyrisviðskipti og/eða fjármagnshreyfingar á milli landa vegna gjafa eða styrkja skv. 1. mgr. 13. gr. k laga nr. 87/1992 skal óska eftir upplýsingum um tilefni gjafar eða styrks og tengsla gefanda og gjafþega.

Gefandi og styrkveitandi samkvæmt 1. mgr. 13. gr. k laga nr. 87/1992 skulu vera raunverulegir eigendur þeirra fjármuna sem gefnir eru/styrkt er um. Vakni grunur um að gjöf eða styrkur sé fjármagnaður af þriðja aðila skal það fjármálafyrirtæki sem hefur milligöngu um gjaldeyrisviðskiptin og/eða fjármagnshreyfinguna hafna beiðni þar um.

Fjármagnshreyfingar vegna gjafa og styrkja samkvæmt 1. mgr. 13. gr. k laga nr. 87/1992 skulu lagðar inn á reikning gjafþega, reikning styrkþega, reikning góðgerðarsamtaka eða annarra hliðstæðra aðila. Gefandi og gjafþegi, styrkveitandi og styrkþegi skulu ekki vera einn og sami aðilinn.

IV. KAFLI

Fasteignaviðskipti vegna búferlaflutninga og fjárfesting í farartæki.

14. gr.

Fasteignaviðskipti vegna búferlaflutninga.

Með fasteignaviðskiptum í skilningi 2. mgr. 13. gr. f laga nr. 87/1992 er átt við fjárfestingu einstaklings í fasteign eða kaup á búseturétti erlendis sem eiga sér stað innan 12 mánaða frá því búferlaflutningar áttu sér stað.

Beiðni um staðfestingu Seðlabanka Íslands vegna fasteignaviðskipta aðila í tengslum við búferlaflutninga, samkvæmt 2. mgr. 13. gr. f laga nr. 87/1992, skal send af hálfu þess fjármálafyrirtækis sem hefur milligöngu um gjaldeyrisviðskiptin og fjármagnshreyfinguna.

Beiðni fjármálafyrirtækis samkvæmt 1. mgr. skal innihalda eftirfarandi upplýsingar og gögn:

- a. Dagsetning beiðni um staðfestingu.
- b. Nafn kaupanda.
- c. Kennitala kaupanda.
- d. Heimilisfang kaupanda erlendis.
- e. Nafn seljanda.
- f. Kennitala eða annað skráningarnúmer seljanda ef það liggur fyrir.
- g. Heimilisfang seljanda.
- h. Nafn, tölvupóstur og sími tengiliðs hjá fjármálafyrirtæki sem hefur milligöngu um gjaldeyrisviðskiptin og fjármagnshreyfinguna samkvæmt 2. mgr. 13. gr. f laga nr. 87/1992.
- i. Afrit af kaupsamningi fasteignar.
- j. Staðfesting Þjóðskrár á búferlaflutningum kaupanda.

Staðfesting Seðlabanka Íslands, sbr. 2. mgr. 13. gr. f laga nr. 87/1992, er send rafrænt til tengiliðs kaupanda hjá fjármálafyrirtæki hér á landi.

Afrit af afsali vegna fasteignaviðskipta skal sent Seðlabanka Íslands innan mánaðar frá því afsal liggur fyrir, þó eigi síðar en tólf mánuðum eftir að gjaldeyrisviðskiptin og fjármagnshreyfingin samkvæmt 2. mgr. 13. gr. f áttu sér stað, að viðlögðum dagsektum, sbr. 13. gr. p laga nr. 87/1992.

Ef kaupandi lætur hjá líða að skila inn afsali samkvæmt 5. mgr. þessa ákvæðis og fjármagnshreyfing hefur átt sér stað skal hann skila hinum erlenda gjaldeyri til fjármálafyrirtækis hér á landi, innan þriggja vikna frá því frestur samkvæmt 5. mgr. er liðinn. Hafí aðili keypt erlendan gjaldeyri vegna fasteignaviðskipta samkvæmt 2. mgr. 13. gr. f laga nr. 87/1992 hjá fjármálafyrirtæki hér á landi skal aðili einnig skipta þeim erlenda gjaldeyri í innlendan gjaldeyri hjá fjármálafyrirtæki hér á landi innan þriggja vikna frá því frestur samkvæmt 4. mgr. er liðinn.

Seðlabanka Íslands skal tilkynnt um gjaldeyrisviðskipti og fjármagnshreyfingar samkvæmt 5. mgr. innan tveggja vikna frá því þau áttu sér stað.

Beiðni um staðfestingu og gögn skulu berast rafrænt til gjaldeyriseftirlits Seðlabanka Íslands á netfangið ge.gagnaskil@sedlabanki.is samkvæmt leiðbeiningum Seðlabankans um nánari framkvæmd reglna þessara, sbr. 25. gr., sem birtar eru á vefsíðu bankans.

15. gr.

Fjárfesting í farartæki til innflutnings og eigin nota.

Beiðni um staðfestingu Seðlabanka Íslands vegna kaupa og innflutnings aðila á farartæki til eigin nota, samkvæmt 5. mgr. 13. gr. f laga nr. 87/1992, skal send af hálfu þess fjármálafyrirtækis sem hefur milligöngu um gjaldeyrisviðskiptin og fjármagnshreyfinguna.

Beiðni fjármálafyrirtækis samkvæmt 1. mgr. skal innihalda eftirfarandi upplýsingar og gögn:

- a. Dagsetning beiðni um staðfestingu.
- b. Nafn kaupanda.
- c. Kennitala kaupanda.
- d. Heimilisfang kaupanda.
- e. Nafn seljanda.
- f. Kennitala eða annað skráningarnúmer seljanda ef það liggur fyrir.
- g. Heimilisfang seljanda.
- h. Nafn, tölvupóstur og sími tengiliðs hjá fjármálafyrirtæki sem hefur milligöngu um gjald-eyrisviðskiptin og fjármagnshreyfinguna samkvæmt 5. mgr. 13. gr. f laga nr. 87/1992.
- i. Afrit af samþykktu kauptilboði eða kaupsamningi.

Staðfesting Seðlabanka Íslands, sbr. 5. mgr. 13. gr. f laga nr. 87/1992, er send rafrænt til tengiliðs kaupanda hjá fjármálafyrirtæki hér á landi.

Afrit af innflutningsskýrslu vegna farartækis skal sent Seðlabanka Íslands innan mánaðar frá því innflutningsskýrsla liggur fyrir, þó eigi síðar en sex mánuðum eftir að gjaldeyrisviðskiptin og fjármagnshreyfingin samkvæmt 5. mgr. 13. gr. f áttu sér stað, að viðlögðum dagsektum, sbr. 13. gr. f laga nr. 87/1992.

Ef kaupandi lætur hjá liða að skila inn innflutningsskýrslu samkvæmt 4. mgr. þessa ákvæðis og fjármagnshreyfing hefur átt sér stað skal hann skila hinum erlenda gjaldeyri til fjármálafyrirtækis hér á landi, innan þriggja vikna frá því frestur samkvæmt 4. mgr. er liðinn. Hafi aðili keypt erlendan gjaldeyri vegna kaupa og innflutnings á farartæki samkvæmt 5. mgr. 13. gr. f laga nr. 87/1992 hjá fjármálafyrirtæki hér á landi skal aðili einnig skipta þeim erlenda gjaldeyri í innlendan gjaldeyri hjá fjármálafyrirtæki hér á landi innan þriggja vikna frá því frestur samkvæmt 4. mgr. er liðinn.

Seðlabanka Íslands skal tilkynnt um gjaldeyrisviðskipti og fjármagnshreyfingar samkvæmt 5. mgr. innan tveggja vikna frá því þau áttu sér stað.

Beiðni um staðfestingu og gögn skulu berast rafrænt til gjaldeyriseftirlits Seðlabanka Íslands á netfangið ge.gagnaskil@sedlabanki.is samkvæmt leiðbeiningum Seðlabankans um nánari framkvæmd reglna þessara, sbr. 25. gr., sem birtar eru á vefsíðu bankans.

V. KAFLI

Vextir, verðbætur, arður og samningsbundnar afborganir.

16. gr.

Almennt.

Gjaldeyrisviðskipti og fjármagnshreyfingar á milli landa vegna greiðslna samkvæmt 13. gr. j laga nr. 87/1992 eru heimilar að fenginni staðfestingu Seðlabanka Íslands, sbr. 9. mgr. 13. gr. j laga nr. 87/1992.

Innlendum aðila er einungis heimilt að eiga gjaldeyrisviðskipti og framkvæma fjármagnshreyfingu á grundvelli 13. gr. j laga nr. 87/1992 til að standa skil á greiðslum samkvæmt ákvæðinu til erlendra aðila. Þá er erlendum aðila eingöngu heimilt að eiga gjaldeyrisviðskipti og framkvæma fjármagnshreyfingu á grundvelli 13. gr. j laga nr. 87/1992 vegna greiðslna samkvæmt ákvæðinu frá innlendum aðila hér á landi.

Gengishagnaður fellur ekki undir 13. gr. j laga nr. 87/1992.

17. gr.

Vextir og verðbætur af vöxtum af skuldabréfum útgefnum í innlendum gjaldeyri, lánsamningum í innlendum gjaldeyri, peningamarkaðslánum skv. 10. gr. og innstæðum í innlendum gjaldeyri hjá innlendum fjármálafyrirtækjum.

Af 2. mgr. 13. gr. j laga nr. 87/1992 leiðir að ekki er heimilt að skipta eftirfarandi vaxta-greiðslum yfir í erlendan gjaldeyri:

1. Vöxtum af skuldabréfum sem gefin eru út af erlendum aðilum í innlendum gjaldeyri („jökla-bréfum“).
2. Vöxtum af hvers kyns fjármálagerningum sem gefnir eru út af erlendum aðilum.
3. Vöxtum af reikningum í innlendum gjaldeyri hjá erlendum fjármálafyrirtækjum.

Beiðni um staðfestingu Seðlabanka Íslands á gjaldeyrisviðskiptum og fjármagnshreyfingu á milli landa í erlendum gjaldeyri vegna greiðslu vaxta og verðbóta af vöxtum af innstæðum í innlendum gjaldeyri hjá innlendum fjármálafyrirtækjum, af lánasamningum í innlendum gjaldeyri, af skuldabréfum útgefnum í innlendum gjaldeyri, til erlendra aðila, samkvæmt 9. mgr. 13. gr. j laga nr. 87/1992, og af peningamarkaðslánum skv. 10. gr., skal send af hálfu þess fjármálafyrirtækis sem hefur milligöngu um gjaldeyrisviðskiptin og fjármagnshreyfinguna.

Fjármagnshreyfingar á milli landa í innlendum gjaldeyri vegna greiðslu samkvæmt 2. mgr. eru ekki háðar staðfestingu Seðlabanka Íslands.

Gjaldeyrisviðskipti og fjármagnshreyfingar á milli landa vegna greiðslu samkvæmt 2. mgr. þar sem fjárhæð greiðslu vaxta er samtals lægri en að jafnvirði 1.000.000 kr. eru ekki háðar staðfestingu Seðlabanka Íslands. Greiðslur sem uppfylla skilyrði 1. málsl. skal þó tilkynna til Seðlabanka Íslands samkvæmt 5. mgr.

Óska skal staðfestingar Seðlabankans skv. 2. mgr. eða tilkynna Seðlabankanum skv. 4. mgr. um gjaldeyrisviðskipti og fjármagnshreyfingar milli landa, innan sex mánaða frá vaxtagreiðsludegi.

Staðfesting Seðlabanka Íslands, sbr. 9. mgr. 13. gr. j laga nr. 87/1992, er send rafrænt til tengiliðs hjá fjármálafyrirtæki sem hefur milligöngu um gjaldeyrisviðskiptin og fjármagnshreyfinguna.

Staðfesting á heimild til úttektar á vöxtum og verðbótum vaxta af reikningum sem eru háðir sérstökum takmörkunum samkvæmt 11. gr. laga nr. 37/2016 felur jafnframt í sér staðfestingu á heimild til gjaldeyrisviðskipta og fjármagnshreyfinga á milli landa vegna slíkra greiðslna.

18. gr.

Efni beiðni um staðfestingu samkvæmt 17. gr.

Eftirfarandi upplýsingar og gögn skulu fylgja beiðni um staðfestingu samkvæmt 2. mgr. 17. gr., eftir því sem við á:

1. Vextir og verðbætur af vöxtum af skuldabréfum útgefnum í innlendum gjaldeyri:
 - a. Dagsetning beiðni um staðfestingu.
 - b. Nafn/heiti og kennitala útgefanda.
 - c. Auðkenni/heiti útgáfu.
 - d. ISIN-númer útgáfu.
 - e. Útgáfudagur.
 - f. Lokagjaldldagi.
 - g. Útboðsgengi.
 - h. Nafnverðsfjárhæð.
 - i. Dagsetning skuldabréfakaupa.
 - j. Fjárhæð.
 - k. Dagsetning skuldabréfasölu.
 - l. Söluandvirði.
 - m. Vaxtatímabil.
 - n. Uppgjörsdagur.
 - o. Vaxtaþrósentu og fjárhæð.
 - p. Verðbætur af vöxtum.
 - q. Fjárhæð þóknunar.
 - r. Fjármagnstekjuskattur.
 - s. Nafn/heiti, kennitala og heimilisfang fjárfestis.
 - t. Land/heimilisfesti fjárfestis.
 - u. Reikningsupplýsingar fjárfestis.
 - v. Heiti og kennitala vörsluaðila bréfa.
 - w. Nafn, tölvupóstur og sími tengiliðs hjá fjármálafyrirtæki sem hefur milligöngu um gjaldeyrisviðskiptin og fjármagnshreyfinguna.
 - x. Uppgjörskvittun fyrir skuldabréfakaupum staðfest af viðkomandi fjármálafyrirtæki.
 - y. Uppgjörskvittun fyrir útborgun á vaxtagreiðslu staðfest af viðkomandi fjármálafyrirtæki.

- z. Ef ekki liggur fyrir uppgjörskvittun vegna útborgunar á vaxtagreiðslu þar sem umrædd skuldabréf hafa verið seld fyrir vaxtagreiðsludag skal leggja fram uppgjörskvittun fyrir sölu staðfesta af viðkomandi fjármálafyrirtæki.
2. Vextir og verðbætur af vöxtum af lánsamningum í innlendum gjaldeyri:
- Dagsetning beiðni um staðfestingu.
 - Nafn og kennitala lántaka.
 - Lántökudagur.
 - Upphafleg fjárhæð láns.
 - Eftirstöðvar láns fyrir greiðslu.
 - Vaxtatímabil.
 - Gjalddagi vaxtagreiðslu.
 - Vaxtaprósentu.
 - Fjárhæð vaxtagreiðslu.
 - Verðbætur af vöxtum.
 - Afborgun höfuðstóls.
 - Fjármagnstekjuskattur.
 - Nafn og kennitala lánveitanda.
 - Heimilisfang lánveitanda.
 - Land/heimilisfesti lánveitanda.
 - Nafn, tölvupóstur og sími tengiliðs hjá fjármálafyrirtæki sem hefur milligöngu um gjald-eyrisviðskiptin og fjármagnshreyfinguna.
 - Lánsamningur.
 - Greiðsluseðill.
3. Peningamarkaðslán:
- Dagsetning beiðni um staðfestingu.
 - Nafn og kennitala lántaka.
 - Lántökudagur.
 - Lengd peningamarkaðsláns.
 - Upphafleg fjárhæð peningamarkaðsláns.
 - Vaxtaprósentu.
 - Auðkenni samnings.
 - Fjárhæð greiðslu.
 - Vaxtafjárhæð.
 - Nafn og kennitala lánveitanda.
 - Heimilisfang lánveitanda.
 - Land/heimilisfesti lánveitanda.
 - Nafn, tölvupóstur og sími tengiliðs hjá fjármálafyrirtæki sem hefur milligöngu um gjald-eyrisviðskiptin og fjármagnshreyfinguna.
 - Uppgjörskvittun fyrir uppgjöri samnings.
 - Samningur.
4. Vextir og verðbætur af vöxtum af innstæðum í innlendum gjaldeyri:
- Dagsetning beiðni um staðfestingu.
 - Nafn og kennitala fjármálafyrirtækis.
 - IBAN-númer reiknings vaxtagreiðslu.
 - Vaxtagreiðsludagsetning.
 - Vaxtatímabil.
 - Höfuðstóll fyrir vaxtagreiðslu.
 - Meðalvaxtaprósentu tímabils.
 - Vaxtafjárhæð.
 - Fjöldi daga.
 - Nafn, kennitala og heimilisfang fjárfestis.
 - Land/heimilisfesti fjárfestis.
 - IBAN-reikningsnúmer fjárfestis.

m. Nafn, tölvupóstur og sími tengiliðs hjá fjármálafyrirtæki sem hefur milligöngu um gjald-eyrisviðskiptin og fjármagnshreyfinguna.

n. Staðfesting á útborgun vaxtagreiðslu staðfest af viðkomandi fjármálafyrirtæki.

Beiðni um staðfestingu samkvæmt 2. mgr. 17. gr. skulu fylgja útreikningar í Excel skjali samkvæmt leiðbeiningum Seðlabankans um nánari framkvæmd reglna þessara, sbr. 25. gr., sem birtar eru á vefsíðu bankans.

Beiðni um staðfestingu samkvæmt 2. mgr. 17. gr. og gögn skulu berast rafrænt til Seðlabanka Íslands samkvæmt leiðbeiningum Seðlabankans um nánari framkvæmd reglna þessara, sbr. 25. gr., sem birtar eru á vefsíðu bankans.

19. gr.

Vextir af skuldabréfum útgefnum í erlendum gjaldeyri, lánessamningum í erlendum gjaldeyri og innstæðum í erlendum gjaldeyri hjá innlendum fjármálafyrirtækjum.

Samkvæmt 2. mgr. 13. gr. j laga nr. 87/1992 er aðeins heimilt að skipta vöxtum í erlenda gjaldeyri af innstæðum í innlendum fjármálafyrirtækjum, áföllnum vöxtum af skuldabréfum sem útgefin eru af innlendum aðilum og vöxtum af lánessamningum þar sem erlendur aðili er lánveitandi og innlendir aðili lántaki.

Beiðni um staðfestingu Seðlabanka Íslands á gjaldeyrisviðskiptum og fjármagnshreyfingu á milli landa vegna greiðslu vaxta af innstæðum í erlendum gjaldeyri hjá innlendum fjármálafyrirtækjum, af lánessamningum í erlendum gjaldeyri og af skuldabréfum útgefnum í erlendum gjaldeyri, til erlendra aðila, samkvæmt 9. mgr. 13. gr. j laga nr. 87/1992, skal send af hálfu þess fjármálafyrirtækis sem hefur milligöngu um gjaldeyrisviðskiptin og fjármagnshreyfinguna.

Gjaldeyrisviðskipti og fjármagnshreyfingar á milli landa vegna greiðslu samkvæmt 2. mgr. þar sem fjárhæð greiðslu afborgunar og/eða vaxta er samtals lægri en að jafnvirði 10.000.000 kr. eru ekki háðar staðfestingu Seðlabanka Íslands. Greiðslur sem uppfylla skilyrði 1. málsl. skal þó tilkynna til Seðlabanka Íslands.

Beiðni um staðfestingu eða tilkynning til Seðlabanka Íslands samkvæmt 2. og 3. mgr. skal berast innan sex mánaða frá vaxtagreiðsludegi.

Staðfesting Seðlabanka Íslands, sbr. 9. mgr. 13. gr. j laga nr. 87/1992, er send rafrænt til tengiliðs hjá fjármálafyrirtæki sem hefur milligöngu um gjaldeyrisviðskiptin og fjármagnshreyfinguna.

20. gr.

Samningsbundnar afborganir.

Beiðni um staðfestingu Seðlabanka Íslands á gjaldeyrisviðskiptum og fjármagnshreyfingu á milli landa vegna greiðslu samningsbundinna afborgana af skuldabréfum útgefnum í erlendum gjaldeyri skv. 9. gr., lánnum í erlendum gjaldeyri og fjárfestingarloforða í framtaksfjárfestingarsjóðum, skv. 9. mgr. 13. gr. j laga nr. 87/1992, skal send af hálfu þess fjármálafyrirtækis sem hefur milligöngu um gjaldeyrisviðskiptin og fjármagnshreyfinguna. Einnig skal óska staðfestingar Seðlabanka Íslands á fjármagnshreyfingum á milli landa vegna greiðslu samningsbundinna afborgana af skuldabréfum útgefnum í erlendum gjaldeyri.

Fjármagnshreyfingar á milli landa í innlendum gjaldeyri vegna greiðslu samningsbundinna afborgana af lánnum í innlendum gjaldeyri og skuldabréfum útgefnum í innlendum gjaldeyri eru ekki háðar staðfestingu Seðlabanka Íslands.

Gjaldeyrisviðskipti og fjármagnshreyfingar á milli landa vegna greiðslu samkvæmt 1. mgr. þar sem fjárhæð samningsbundinnar afborgunar og/eða vaxta er samtals lægri en að jafnvirði 10.000.000 kr. eru ekki háðar staðfestingu Seðlabanka Íslands. Greiðslur sem uppfylla skilyrði 1. málsl. skal þó tilkynna til Seðlabanka Íslands samkvæmt 5. mgr.

Gjaldeyrisviðskipti og fjármagnshreyfingar samkvæmt 13. gr. j vegna greiðslu samningsbundinna afborgana af skuldabréfum útgefnum í erlendum gjaldeyri af innlendum aðilum, sbr. 9. gr., og lánessamningum í erlendum gjaldeyri eru heimilar allt að mánuði fyrir gjalddaga að fenginni staðfestingu Seðlabankans eða tilkynningu skv. 1. og 3. mgr.

Tilkynning samkvæmt 3. mgr. eða beiðni um staðfestingu skv. 1. mgr. skal berast Seðlabanka Íslands innan tveggja vikna frá því gjaldeyrisviðskipti og fjármagnshreyfing áttu sér stað.

Heimilt er að óska fyrirfram staðfestingar Seðlabanka Íslands á gjaldeyrisviðskiptum og fjármagnshreyfingum á milli landa vegna greiðslu eftirstöðva sammingsbundinna afborgana og vaxta enda nemi eftirstöðvar eigi hærri fjárhæð en að jafnvirði 200.000.000 kr. Fyrirfram staðfestingar skv. 1. másl. skulu tilkynntar til Seðlabanka Íslands skv. 5. mgr.

Staðfesting Seðlabanka Íslands, sbr. 9. mgr. 13. gr. j laga nr. 87/1992, er send rafrænt til tengiliðs hjá fjármálafyrirtæki sem hefur milligöngu um gjaldeyrisviðskiptin og fjármagnshreyfinguna.

21. gr.

Efni beiðni um staðfestingu eða tilkynningar samkvæmt 19. og 20. gr.

Eftirfarandi upplýsingar og gögn skulu fylgja beiðni um staðfestingu eða tilkynningu samkvæmt 19. og 20. gr., eftir því sem við á:

1. Samningsbundnar afborganir og/eða vextir af skuldabréfum:
 - a. Dagsetning beiðni um staðfestingu/tilkynningar.
 - b. Nafn og kennitala útgefanda.
 - c. Auðkenni/heiti útgáfu.
 - d. ISIN-númer útgáfu.
 - e. Útgáfudagur.
 - f. Lokagjalddagi.
 - g. Útgáfumynt.
 - h. Nafnverðsfjárhæð.
 - i. Eftirstöðvar nafnverðs fyrir greiðslu.
 - j. Vaxtatímabil.
 - k. Vaxtaþrósenta.
 - l. Vaxtafjárhæð.
 - m. Afborgun höfuðstóls.
 - n. Uppgjörsgdagsetning afborgunar og/eða vaxtagreiðslu.
 - o. Nafn og kennitala eiganda.
 - p. Heimilisfang eiganda.
 - q. Land/heimilisfesti eiganda.
 - r. IBAN-gjaldeyrisreikningsnúmer fjárfestis.
 - s. Heiti og kennitala vörsluaðila bréfa.
 - t. Nafn, tölvupóstur og sími tengiliðs hjá fjármálafyrirtæki sem hefur milligöngu um gjaldeyrisviðskiptin og fjármagnshreyfinguna.
 - u. Verðbréfalýsing.
 - v. Samningar sem liggja að baki útgáfunni.
2. Samningsbundnar afborganir og vextir af lánsamningum:
 - a. Dagsetning beiðni um staðfestingu/tilkynningar.
 - b. Nafn og kennitala lántaka.
 - c. Land/heimilisfesti lántaka.
 - d. Lántökudagur.
 - e. Lokagjalddagi.
 - f. Lántökumynt.
 - g. Upphafleg fjárhæð láns.
 - h. Eftirstöðvar láns fyrir greiðslu.
 - i. Vaxtatímabil.
 - j. Gjalddagi.
 - k. Vaxtaþrósenta.
 - l. Fjárhæð vaxtagreiðslu.
 - m. Afborgun höfuðstóls.
 - n. Fjármagnstekjuskattur.
 - o. Nafn og kennitala lánveitanda.

- p. Heimilisfang lánveitanda.
 - q. Land/heimilisfesti lánveitanda.
 - r. Nafn, tölvupóstur og sími tengiliðs hjá fjármálafyrirtæki sem hefur milligöngu um gjald-eyrisviðskiptin og fjármagnshreyfinguna.
 - s. Lánssamningur.
 - t. Greiðsluseðill.
3. Samningsbundnar afborganir af fjárfestingarloforðum í framtaksfjárfestingarsjóðum:
- a. Dagsetning beiðni um staðfestingu/tilkynningar.
 - b. Nafn og kennitala fjárfestis.
 - c. Land/heimilisfesti fjárfestis.
 - d. Dagsetning skuldbindingar.
 - e. Lokagjalddagi.
 - f. Mynt samnings.
 - g. Upphafleg fjárhæð skuldbindingar.
 - h. Eftirstöðvar skuldbindingar fyrir greiðslu.
 - i. Gjalddagi.
 - j. Fjárhæð innköllunar.
 - k. Afborgun af skuldbindingu.
 - l. Nafn framtaksfjárfestingarsjóðs.
 - m. Land/heimilisfesti framtaksfjárfestingarsjóðs.
 - n. Nafn, tölvupóstur og sími tengiliðs hjá fjármálafyrirtæki sem hefur milligöngu um gjald-eyrisviðskiptin og fjármagnshreyfinguna.
 - o. Samningur.
 - p. Tilkynning um innköllun.
4. Vextir af innstæðum í erlendum gjaldeyri:
- a. Dagsetning beiðni um staðfestingu/tilkynningar.
 - b. Nafn og kennitala fjármálafyrirtækis.
 - c. IBAN-númer vaxtaberandi reiknings.
 - d. Mynt.
 - e. Vaxtagreiðsludagsetning.
 - f. Vaxtatímabil.
 - g. Höfuðstóll fyrir vaxtagreiðslu.
 - h. Meðalvaxtaþrósenta tímabils.
 - i. Vaxtafjárhæð.
 - j. Fjöldi daga.
 - k. Nafn, kennitala og heimilisfang fjárfestis.
 - l. Land/heimilisfesti fjárfestis.
 - m. IBAN-reikningsnúmer fjárfestis.
 - n. Nafn, tölvupóstur og sími tengiliðs hjá fjármálafyrirtæki sem hefur milligöngu um gjald-eyrisviðskiptin og fjármagnshreyfinguna.
 - o. Staðfesting á útborgun vaxtagreiðslu staðfest af viðkomandi fjármálafyrirtæki.

Beiðni um staðfestingu samkvæmt 2. mgr. 19. gr. og 1. mgr. 20. gr. eða tilkynning samkvæmt 3. mgr. 19. gr. og 3. mgr. 20. gr. og gögn skulu berast rafrænt til Seðlabanka Íslands samkvæmt leiðbeiningum Seðlabankans um nánari framkvæmd reglna þessara, sbr. 25. gr., sem birtar eru á vefsíðu bankans.

22. gr.

Fjármagnshreyfingar á milli landa og gjaldeyrisviðskipti vegna greiðslna sem inntar eru af hendi aðila sem uppfyllir skilyrði 13. gr. n laga nr. 87/1992 og undanþegnar eru staðfestingu Seðlabanka Íslands.

Fjármagnshreyfingar á milli landa vegna greiðslna samkvæmt 19. og 20. gr. sem inntar eru af hendi aðila sem uppfyllir skilyrði 2., 6. eða 7. mgr. 13. gr. n laga nr. 87/1992 eru ekki háðar stað-

festingu Seðlabanka Íslands. Fjármagnshreyfingar á milli landa í erlendum gjaldeyri sem falla undir þessa málsgrein skal þó tilkynna til Seðlabanka Íslands.

Fjármagnshreyfingar á milli landa og gjaldeyrisviðskipti vegna greiðslna samkvæmt 19. og 20. gr. sem inntar eru af hendi aðila sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. 13. gr. n laga nr. 87/1992 eru ekki háð staðfestingu Seðlabanka Íslands. Fjármagnshreyfingar á milli landa í erlendum gjaldeyri og gjaldeyrisviðskipti sem falla undir þessa málsgrein skal þó tilkynna til Seðlabanka Íslands.

23. gr.

Arður.

Beiðni um staðfestingu Seðlabanka Íslands á gjaldeyrisviðskiptum og fjármagnshreyfingu á milli landa vegna greiðslu arðs frá innlendum aðilum til erlendra aðila, samkvæmt 9. mgr. 13. gr. j laga nr. 87/1992, skal send af hálfu þess fjármálafyrirtækis sem hefur milligöngu um gjaldeyrisviðskiptin og fjármagnshreyfinguna. Fjármagnshreyfingar á milli landa í innlendum gjaldeyri vegna greiðslu arðs eru ekki háðar staðfestingu Seðlabanka Íslands.

Gjaldeyrisviðskipti og fjármagnshreyfingar á milli landa vegna greiðslu samkvæmt 1. mgr. þar sem fjárhæð arðgreiðslu er lægri en að jafnvirði 1.000.000 kr. eru ekki háðar staðfestingu Seðlabanka Íslands. Greiðslur sem uppfylla skilyrði 1. másl. skal þó tilkynna til Seðlabanka Íslands samkvæmt 3. mgr.

Beiðni um staðfestingu eða tilkynning til Seðlabanka Íslands samkvæmt 1. og 2. mgr. skal berast innan sex mánaða frá arðgreiðsludegi.

Staðfesting Seðlabanka Íslands, sbr. 9. mgr. 13. gr. j laga nr. 87/1992, er send rafrænt til tengiliðs hjá fjármálafyrirtæki sem hefur milligöngu um gjaldeyrisviðskiptin og fjármagnshreyfinguna.

Staðfesting á heimild til úttektar á arði af reikningum sem eru háðir sérstökum takmörkunum samkvæmt 11. gr. laga nr. 37/2016 felur jafnframt í sér staðfestingu á heimild til gjaldeyrisviðskipta og fjármagnshreyfinga á milli landa vegna slíkra greiðslna.

24. gr.

Efni beiðni um staðfestingu samkvæmt 23. gr.

Eftirfarandi upplýsingar og gögn skulu fylgja beiðni um staðfestingu eða tilkynningu samkvæmt 23. gr., eftir því sem við á:

- a. Dagsetning beiðni um staðfestingu/tilkynningar.
- b. Heiti og kennitala arðgreiðanda.
- c. Land/heimilisfesti arðgreiðanda.
- d. Auðkenni/heiti arðgreiðanda.
- e. ISIN-númer arðgreiðanda (ef rafrænt skráð).
- f. Útgáfumynt hlutafjár.
- g. Nafnverðsfjárhæð eignar.
- h. Dagsetning hlutafjárkaupa.
- i. Arðgreiðsludagsetning.
- j. Arðgreiðsluprósentu.
- k. Arðgreiðslufjárhæð.
- l. Arðgreiðslumynt.
- m. Fjármagnstekjuskattur.
- n. Nafn og kennitala endurskoðanda.
- o. Nafn og kennitala hluthafa.
- p. Heimilisfang hluthafa.
- q. Land/heimilisfesti hluthafa.
- r. IBAN-gjaldeyrisreikningsnúmer hluthafa.
- s. Heiti og kennitala vörsluadili hlutabréfa.
- t. Nafn, tölvupóstur og sími tengiliðs hjá fjármálafyrirtæki sem hefur milligöngu um gjaldeyrisviðskiptin og fjármagnshreyfinguna.

- u. Kvittun fyrir móttöku arðgreiðslu ef greiðandi arðs er félag skráð á hlutabréfamarkað eða staðfesting löggilts endurskoðanda arðgreiðanda ef greiðandi arðs er ekki skráður á hlutabréfamarkað auk ársreiknings síðasta rekstrarárs.

Beiðni um staðfestingu samkvæmt 1. mgr. 23. gr. eða tilkynning samkvæmt 2. mgr. 23. gr. og gögn skulu berast rafrænt til Seðlabanka Íslands samkvæmt leiðbeiningum Seðlabankans um nánari framkvæmd reglna þessara, sbr. 25. gr., sem birtar eru á vefsíðu bankans.

VI. KAFLI

Leiðbeiningar, viðurlög og gildistaka.

25. gr.

Leiðbeiningar.

Seðlabankinn getur sett leiðbeiningar um nánari framkvæmd reglna þessara.

26. gr.

Viðurlög.

Brot gegn ákvæðum þessara reglna varða stjórnvaldssektum og refsingum samkvæmt 15. gr. a – 15. gr. d, 15. gr. h, 16. gr., 16. gr. a og 16. gr. b laga nr. 87/1992, með síðari breytingum.

27. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 4. mgr. 13. gr. b, 5. mgr. 13. gr. c, 2. og 5. mgr. 13. gr. f, 9. mgr. 13. gr. j, 4. mgr. 13. gr. o og 3. mgr. 13. gr. p laga nr. 87/1992, með síðari breytingum. Reglur þessar öðlast þegar gildi. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 8. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirt-ingablað öðlast reglurnar gildi við birtingu. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 565/2014, um gjald-eyrismál.

Reykjavík, 26. maí 2016.

Seðlabanki Íslands,

Arnór Sighvatsson
aðstoðarseðlabankastjóri.

Ingibjörg Guðbjartsdóttir,
framkvæmdastjóri gjalddeyriseftirlits.